

Fyrirspurn

til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um djúpborun til orkuöflunar.

Frá Ara Trausta Guðmundssyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra stuðla að því að niðurstöður úr Íslenska djúpborunarverkefninu (IDDP), sem fólst í borun nærri 5 km djúprar holu á Reykjanesi, og reynsla sem fékkst við framkvæmd þess setji mark á leiðir og lausnir í íslenskri raforkuframleiðslu?
2. Með hvaða hætti telur ráðherra að unnt sé að tryggja frekari þróun og framgang í djúpborunum við orkuöflun á háhitasvæðum sem þegar hafa verið virkjuð?
3. Telur ráðherra að orkuvinnsla úr djúpum borholum á háhitasvæðum muni breyta forsendum til raforkuframleiðslu í landinu og þá með hvaða hætti?
4. Telur ráðherra, með tilliti til þess að gefin hafa verið út leyfi til rannsókna á orkuvinnslugetu háhitasvæða á hafsbötn norðan- og suðvestan við landið, að tryggja þurfi að íslenska ríkið eigi aðild að þeirri orkuöflun sem þar kann að fara fram eða ætti hún að verða í höndum einkaaðila, íslenskra eða erlendra eftir atvikum?
5. Eru tæknilegar og umhverfislegar forsendur fyrir orkuvinnslu úr háhitasvæðum á hafsbötni taldar ásættanlegar og í samræmi við sjónarmið um sjálfbæra auðlindanýtingu með tilliti til áhrifa á náttúrufar, efnahag og samfélag?
6. Hver er afstaða ráðherra til innheimtu auðlindagjalds af raforkuvinnslu úr fallvötnum og varma- og raforkuvinnslu á jarðhitasvæðum?

Skriflegt svar óskast.